

BÍÓ

96. tbl. september 2018

MVIR

međarins



WITNESS THE DARKEST CHAPTER IN **THE CONJURING** UNIVERSE

THE NUM

FRÍSKANDI BRAGÐ!




FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR



Síminn þinn lifnar við


Nú fylgir úrval skemmtilegra þátta með farsímaáskriftinni þinni. Sæktu **Sjónvarps Símans appið** og byrjaðu að horfa.

Kynntu þér málið á siminn.is



Útgefið í september

BluRay og DVD

6.09.	Steinaldarmaðurinn	Myndform	Brúðmynd	Leyfð	10
6.09.	Ferdinand 	Sena	Teiknimynd	Leyfð	11
20.09.	Deadpool 2 	Sena	Ofurhetjur	16 ára	18
21.09.	Kanínuskólinn	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	19
27.09.	Book Club	Sena	Gamanmynd	Leyfð	23
27.09.	Adrift	Myndform	Sannsógulegt	12 ára	25

VOD

6.09.	Steinaldarmaðurinn	Myndform	Brúðmynd	Leyfð	10
6.09.	Ævintýraferð fakirsins sem ...	Sena	Gamanmynd	Leyfð	12
6.09.	Patient Zero	Sena	Tryllir	16 ára	12
7.09.	Taxi 5	Myndform	Gamanmynd	12 ára	13
7.09.	Undercover	Myndform	Gamanmynd	12 ára	13
7.09.	Loving Vincent	Myndform	Sannsógulegt	9 ára	14
13.09.	Destined to Ride	Sena	Fjölskyldumynd	Leyfð	15
13.09.	Gemini	Sena	Morðgáta	12 ára	15
14.09.	A Horse Story	Myndform	Fjölskyldumynd	Leyfð	16
14.09.	Nils Holgersson	Myndform	Barnaefni	Leyfð	16
14.09.	Nina Forever	Myndform	Drama/hrollur	16 ára	17
14.09.	The Hurricane Heist	Myndform	Spenna/hasar	12 ára	17
20.09.	Deadpool 2	S & V	Ofurhetjur	16 ára	18
20.09.	Lake Placid: Legacy	Sena	Tryllir	16 ára	19
21.09.	Kanínuskólinn	Myndform	Barnaefni	Leyfð	19
21.09.	Lady Macbeth	Myndform	Glæpadrama	12 ára	20
21.09.	Spoor	Myndform	Ráðgáta	12 ára	20
21.09.	The Journey	Myndform	Sannsógulegt	12 ára	21
21.09.	Hinrik hittir ...	Myndform	Barnaefni	Leyfð	21
24.09.	Life of the Party	S & V	Gamanmynd	12 ára	22
27.09.	Isle of Dogs	S & V	Ævintýri	6 ára	22
27.09.	Book Club	Sena	Gamanmynd	Leyfð	23
27.09.	Solo: A Star Wars Story	S & V	Star Wars	12 ára	24
27.09.	Adrift	Myndform	Sannsógulegt	12 ára	26
27.09.	Another Kind of Wedding	Sena	Gamandrama	6 ára	27
27.09.	Disobedience	Sena	Drama/rómantík	12 ára	27
28.09.	It's Only the End of the World	Myndform	Drama	12 ára	28
28.09.	Faces Places	Myndform	Heimildarmynd	Leyfð	28
28.09.	Heal the Living	Myndform	Drama	12 ára	29
28.09.	Heiða	Myndform	Barnaefni	Leyfð	29

Tölvuleikir

7.09.	Marvel's Spider-Man	Sena	Hasarleikur	16+	32
11.09.	NBA 2K19	Sena	Körfuboltaleikur	3+	33
14.09.	NHL 19	Sena	Íshokkileikur	12+	34
14.09.	Shadow of the Tomb Raider	Sena	Hasarleikur	18+	35
28.09.	FIFA 19	Sena	Fótboltaleikur	3+	36



MYNDIR MÁNAÐARINS

296. tbl. september 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Pröförk: Veturlöi Óskarsson


Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

Á DVD OG VOD Í SEPTEMBER



MYNDFORM



GERÐU EINFALT

ENN

EINFALDARA!

..... Borgaðu fyrirfram um leið og
þú pantar með appi eða á netinu.



DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Í SAMVINNU VIÐ
VALITOR

Stjörnuþá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þú skellir þér í heimsókn til nýju nágrannanna og reynir að fá þá til að lána þér bílinn um næstu helgi svo þú getir heimsótt frænku þína í Stykkishólmi áður en hún flytur.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þér hættir til að segja eitthvað afar heimskulegt en á því verður breyting í september þegar þú segir eitthvað óvenju gáfulegt. Þú hittir þrjá jakuxa, þar af einn sem heitir Jón.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

September verður ákaflega rólegur mánuður fyrir hrúta, sérstaklega þá sem hafa nýlega eignast dráttarvél. Notaðu tækifærið og reyndu að finna lyklna sem Mummi týndi.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Sér grefur gröf segir máltækið en þú hefur aldrei skilið nákvæmlega hvað átt er við með því og gerir því hverja vitleysuna á fætur annari. Þú eignast brúnan yfirfrakka.



Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Þótt fólk í tvíburamerkinu þyki yfirleitt ekki stíga í vitið kemur það þó fyrir að því dettur í hug eitthvað snjallt og gáfulegt. Þetta mun þó ekki gerast núna í september.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þér hættir til að ofmeta sjálfa(n) þig við aðstæður sem þú ræður engan veginn við og það er nákvæmlega út af því sem þú ættir að ráða þig á rússneskan rækjubát.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Nú er ekki rétti tíminn til að fjárfesta, sérstaklega ekki fyrir fólk eins og þig sem hefur ekkert vit á peningum. Mundu að það er mikið járn í lifrarpylsum og járnörum.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Þú glímir við óvenjumikla og mjög vonða andremmu þessa dagana sem myndi lagast ef þú færir oft úr að hlaupa. Reyndu að taka ekki öllu svona svakalega alvarlega.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Taktu þér frí í næstu viku og farðu út að leita að kaninum. Hver veit nema þú finnur nokkrar og að það verði upphafið að betra gengi í ástarlífinu? Þú kaupir þér stultur.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú missir gersamlega stjórn á þér næsta miðvikudag þegar þú uppgötvar að svarið við mjög dulargullri gátu er búið að vera fyrir framan nefið á þér í allt sumar.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Þú ákveður að fara til Andamaneyja og komast að því í eitt skipti fyrir öll hvað þetta lið sem á heima þar er eiginlega að gera allan daginn. Mundu eftir hatti og sólarólinni.




Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Þér verður boðið í afmæli í september og ákveður að gefa afmælisbarninu eitthvað sem kemur sér vel í framtíðinni eins og t.d. jóla-kúlur eða tvo pakka af heftivír.


Afmælisbörn mánaðarins



1. sept.: Zendaya, 22 ára



2. sept.: Keanu Reeves, 54 ára



3. sept.: Charlie Sheen, 53 ára



4. sept.: Beyoncé Knowles, 37 ára



5. sept.: Michael Keaton, 67 ára



6. sept.: Idris Elba, 46 árs



8. sept.: Martin Freeman, 47 ára



9. sept.: Adam Sandler, 52 ára



10. sept.: Colin Firth, 58 ára



11. sept.: Brian De Palma, 78 ára



15. sept.: Tom Hardy, 41 árs



16. sept.: Amy Poehler, 47 ára



18. sept.: Jason Sudeikis, 43 ára



20. sept.: Sophia Loren, 84 ára



21. sept.: Bill Murray, 68 ára



25. sept.: Will Smith, 50 ára




26. sept.: Linda Hamilton, 62 ára



27. sept.: Gwyneth Paltrow, 46 ára



28. sept.: Naomi Watts, 50 ára




30. sept.: Marion Cotillard, 43 ára



Upplifðu það góða í hverjum degi með WASA



WASA hefur verið framleitt síðan 1919
www.wasa.com



Þú færð mig ekki til að kvarta yfir hlutskipti mínu. Ég hef notið þeirrar gæfu að hafa haft nóg að gera í 24 ár en á sama tíma séð miklu hæfleikaríkari leikara en mig koma og hverfa vegna verkefnaskorts. Þetta er grimm veröld.
- Ryan Reynolds.




Ég veit að mörgum finnst ekki mikið til starfs leikarans koma en fyrir mér þá er það hin fullkomna reynsla. Maður fær að lifa lífi fjölmargra fyrir verð eins.
- Natalie Dormer.



Það er algjörlega fátíðlegt að 95,9 prósent af mannkyninu skuli eltast við að líta út eins og 0,1 prósentíð.
- Melissa McCarthy.



Ég er í minni eigin herferð. Ég er að reyna að sannfæra fólk um að við viljum öll í raun það sama þótt okkur greini á um aðferðirnar til að fá það. Vandamálið er að fólk ruglar of oft saman ferðinni og áfangastaðnum.
- Bryan Cranston.



Ég var hræðilegur í þeirri mynd (*Threshin*). Hún, og svo myndin *Hollow Man* nokkrum árum síðar, fengu mig til að hugsa um að skipta um starf.
- Josh Brolin, um sína verstu frammistöðu sem leikari.



Ég elska að leika en ef ég þarf að segja eitthvað neikvætt um þessa vinnu þá er það það að stundum þarf maður að yfirgefa heimili sitt, vini og ættingja í margar vikur á meðan maður vinnur. Á móti kemur að á milli verkefna getur maður oft tekið sér langt frí.
- Douglas Booth.



Það tekur langan tíma að fullorðnast, miklu lengri tíma en fólk er sagt.
- Candice Bergen.




Það er bókstaflega starf grínistans að gera grín að hlutunum. Þar á ekkert að vera undanskilið. Allt getur verið fyndið frá ákveðnum sjónarhornum.
- Donald Glover.




Ég elska að leika á sviði, en bara í takmarkaðan tíma í einu. Ég lék einu sinni sama hlutverkíð í sex mánuði og það var mjög erfitt. Allt umfram fjórtán vikur er of mikið fyrir mig.
- Stanley Tucci.



Fullt af fólk leit þannig á að ég væri alltaf að leika einhverja lúsera. Frá mínum sjónarhóli var ég bara að leika ósköp venjulegt fólk.
- Timothy Spall, að tala um hlutverkin sem gerðu hann frægjan fyrr á árum.



Langerfíðasta leikverkefnið er að leika í vikulegum sjónvarpsþáttum. Ég hef séð marga brenna út í því starfi.
- Don Johnson.



Ég eyði ekki tíma mínum í að hugsa um hvað gagnrýnendum á eftir að finnast. Ég er bara þakklát fyrir tækifærið til að vinna með besta fólk í heimi að því að skapa sögur sem eiga fullt erindi til allra.
- Shailene Woodley.




Leiðinlegast af öllu var að þurfa að hafna hlutverkinu í *The Hobbit*. En þetta var skuldbinding upp á rúm ár fjárri heimilinu og fjárri fjölskyldu og vinum og ég bara treysti mér ekki í það verk.
- Saoirse Ronan, að tala um þau hlutverk sem hún sér mest eftir að hafa misst af, en Peter Jackson vildi að hún léki eitt hlutverkíð í *The Hobbit: An Unexpected Journey*.



Ég reyni að endurtaka mig ekki of mikið og vil í hverri mynd bjóða áhorfendum á staði sem þeir hafa aldrei komið til áður, og vissu jafnvel ekki að væru til. Og þá á ég ekki við landfræðilega staði heldur huglæga. En vissulega geri ég hlutina eftir mínu höfði í hvert sinn og vissulega hef ég minn stíl.
- Wes Anderson.



Umhverfisvernd snýst ekki bara um umhverfið heldur heilbrigða hugsun.
- Alicia Silverstone.



Það geggjáðasta sem ég hef gert? Það er áreiðanlega þegar ég fékk mikinn áhuga á manni sem ég kannaðist lítilliga við og ákvað að sitja fyrir honum. Þóttist svo ekkert vita þegar hann birtist. En þetta fór vel.
- Rachel McAdams.



Að vera partur af góðri sögu og hjálpa til við að koma henni á framfæri við áhorfendur ... það er mín köllun.
- Alden Ehrenreich.



ÞAÐ SÉST HVERJIR DREKKA KRISTAL



Steinaldarmaðurinn

Leirbrúðumynd



Íslensk talsetning: Viktor Már Bjarnason, Hjálmar Hjálmarsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Steinn Ármann Magnússon, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Stefania Svavarsdóttir, Selma Björnsdóttir og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason
Útgefandi: Myndform

6. september



Enga bronsöld hér!

Steinaldarmaðurinn er mjög myndin leirbrúðumynd eftir Nick Park sem gerði m.a. hina frábæru *Chicken Run* árið 2000 og myndirnar um hina kostulegu Wallace og Gromit, auk þess að vera aðalhöfundur myndanna um hrútinn Hrein og vini hans.

Hér segir frá steinaldarunglingnum Dug sem lifir hamingjuríku lífi ásamt fjölskyldu og vinum í hringlaga dal, talsvert langt frá helstu hættum heimsins eins og eldfjöllum, risaeðlum og loðfílum. Dag einn verður heldur betur breyting á högum þeirra þegar bronsaldarkeisarinn Nooth uppgötvar dalinn og ákveður að sölsa hann undir sig. Við það er Dug skiljanlega ósáttur en má sín til að byrja með lítils gegn allri þeirri nýmóðins tækni sem bronsöldin hefur fært Nooth með tilheyrandi yfirburðum á flestum sviðum. En Dug er úrræðagóður og svo fer að hann nær að skora Nooth á hólm í fótboltaleik um hin endanlegu yfirráð. Vinni bronsaldarliðið eignast Nooth dalinn en vinni steinaldarliðið þarf Nooth að hypja sig. Vanda málið er að það er ekki enn til neitt steinaldarlið í fótbolta ...

Punktur

• Sagt er að þeir Wallace og Gromit komi fram í feluhlutverkum í myndinni og eru áhorfendur hvattir til að hafa augun hjá sér!





Ferdinand

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Hjörtur Jóhann Jónsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Jón Stefán Kristjánsson, Orri Huginn Ágústsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Ævar Þór Benediktsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason o.fl. **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Útgefandi:** Sena

6. september



Góða nautið Ferdinand

Teiknimyndin um stóra, sterka en góðhjartaða nautið Ferdinand er frá þeim sömu og gerðu Ísaldar- og Rio-myndirnar og er byggð á þekktustu sögu rithöfundarins Munros Leaf sem gaf hana út árið 1936 með teikningum eftir Robert Lawson.

Allt frá því að nautið Ferdinand var kálfur hefur hann verið ólíkur öðrum nautum. Á meðan aðrir kálfar vildu helst stangast á og létu sig dreyma um að komast í nautaatshringinn í Madrid hafði Ferdinand mun meiri áhuga á að njóta náttúrunnar, blómanna og litanna sem umhverfi hans býður upp á, auk þess sem hann getur ekki hugsað sér að gera flugu mein. En örlögin haga því samt svo að Ferdinand er fyrir misskilning sendur til Madridar til að berjast og verður með aðstoð nokkurra féлага sinna að losa sig úr ánauðinni og finna leiðina heim áður en það er orðið of seint ...




Ferdinand, sem kemur nú út á DVD og BluRay, er kjörin fjölskylduskemmtun, ljúf, myndin, leiftrandi fjörug og hæfilega spennandi.

Punktur

• Ferdinand verður gefin út á DVD og BluRay með íslensku og ensku talsetningunni, en á meðal þeirra sem tala fyrir persónurnar á ensku eru þau John Cena, Kate McKinnon, Bobby Cannavale, Peyton Manning, David Tennant, Gabriel Iglesias og Gina Rodriguez.





Lagt upp í langferð


Hin skemmtilega saga um Ajatashatru Oghash Rathod sem þóttist vera fakír og plataði heimafólk sitt í bænum Rajasthan á Indlandi til að láta sig fá peninga svo hann gæti farið til Parísar að kaupa alvöru naglarúm í IKEA.

Hér er um sérlega fyndna sögu að ræða en ferðalag fakírsins á eftir að verða mun umfangsmeira en hann hafði gert ráð fyrir þegar röð tilviljana breytir því í allsherjar Evrópureisu með fjölbreyttum hliðarævintýrum þar sem Ajatashatru eignast alls konar vini á ólíklegustu stöðum. Um leið er sagan líka flugbeitt háðs-ádeila á nútímasamfélag þar sem tekið er á samannlegum þáttum eins og leitinni að ástinni, viðurkenningu og öryggi á viðsjárverðum tímum. Í heildina séð stendur þó upp úr að *Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA-skáp* er ein besta „feel good“-mynd ársins og um leið mynd fyrir alla kvikmyndaunnendur.

Punktur

• *Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA-skáp* er byggð á samnefndri metsölibók franska rithöfundarins Romain Puertolas sem kom út árið 2013 og hefur síðan verið þýdd á fjölda tungumála, þ. á m. á íslensku af Friðriki Rafnssyni á vegum JPV-bókaútgáfunnar árið 2014.

• Leikstjóri myndarinnar er hinn kanadíski Ken Scott sem sendi frá sér grímsmellinn *Starbuck* árið 2011 og síðan endurgerð hennar, *Delivery Man*. Handritið er hins vegar eftir höfund sögunnar, Romain Puértolas, og Luc Bossi sem skrifaði m.a. handrit myndarinnar *Mood Indigo*.



Aðalhlutverkið í myndinni er í höndum leikarans Venkatesh Prabhu sem er betur þekktur undir sviðsnafni sínu, Dhanush.

Aðalhlutverk: Dhanush, Bérénice Bejo, Erin Moriarty og Barkhad Abdi **Leikstjórn:** Ken Scott **Útgefandi:** Sena

Gamanmynd

6. september




Kapphaup við tímenn

Eftir að sjúkdómur, sem breytir öllum lifandi verum sem smitast af honum í blóðþyrst villidýr, leggst á bróðurpart mannkynsins berst lítill hópur eftirlifenda við að halda lífi og vonast enn til að hægt sé að finna lækningu.

Patient Zero er nýjasta mynd leikstjórans Stefans Ruzowitzky sem sendi síðast frá sér glæpasögurnar *Cold Hell* og *Deadfall*. Hér tekst hann á við zombie-sögu sem gerist í náinni framtíð og segir frá leit lítillar sveitar manna að lækningu við uppvakningaplágunni sem grundvallast á því að einn þeirra hefur verið bitinn án þess þó að breytast í uppvakning. Þegar sveitin finnur annan slíkan mann, „prófessorinn“, aukast væntingarnar verulega. En tíminn er naumur og varnirnar veicar ...

Punktur

• Handrit myndarinnar, sem er eftir Mike Le, var árið 2013 á svarta listanum svo nefnda í Hollywood yfir eftirsóttustu handritin sem höfðu ekki verið kvikmynduð.



Matt Smith og Stanley Tucci í hlutverkum sínum sem þeir Morgan og „prófessorinn“, en þeir hafa báðir verið bitnir án þess þó að breytast í blóðþyrst villidýr.

Aðalhlutverk: Matt Smith, Stanley Tucci, Natalie Dormer og Clive Standen **Leikstj.**: Stefan Ruzowitzky **Útg.:** Sena

Tryllir

6. september



Bensínið í botn – aftur



Pegar ítalskir bankaræningjar fara að gera sig breiða í Marseille er lögreglumaðurinn Sylvain Marot sendur á svæðið til að skakka leikinn ásamt glænýjum félögum í lögreglusveit Marseille og vonlausa bílstjóranum Eddy.

Þeir sem séð hafa fyrri *Taxi*-myndirnar ættu að vita að hverju gengið er í þessari fimmtu mynd seríunnar þar sem við hittum bæði gamlar persónur úr fyrri myndunum og nýjar. Ástæðan fyrir því að ítölsku bankaræningjarnir hafa hingað til sloppið úr klóm réttlætisins er að þeir aka um á kraftmestu Ferrari-bílum sem fyrirfinnast og fara því létt með að stinga alla af sem elta þá. En að sjálfsgöðu reiknuðu þeir ekki með að þeir Sylvain og Eddy fyndu sér enn kraftmeiri bíl ...

Punktur

- Handrit myndarinnar er skrifað af Luc Besson og Franck Gastambide sem einnig leikstýrir myndinni og leikur aðalhlutverkið, lögreglumanninn Sylvain Marot.



Sylvain Marot (Franck Gastambide) lengst til hægri ásamt nýju félögum sínum í lögreglusveit Marseille sem virðist ekki beint hæf í þau átök sem framundan eru.



Aðalhl.: Franck Gastambide, Malik Bentalha og Bernard Farcy **Leikstj.:** Franck Gastambide **Útgefandi:** Myndform

Gamanmynd

7. september

Það gerðist um jólin ...



Rikke er tiltölulega óreynd lögreglukona sem í stað þess að fá að njóta jólanna með fjölskyldunni eins og hún var að vona er fyrirskipað að gæta vitnis sem hættulegur eiturlyfjakóngur vill gjarnan koma fyrir kattarnef.

Undercover er danskur grínfarsi þar sem uppstandarinn Linda Pedersen, best þekkt sem Linda P, lendir í óborganlegum aðstæðum sem lögreglukonan Rikka. Í stað þess að fá jólafrí eins og hún gerði fastlega ráð fyrir er henni gert að sjá til þess að útsendarar eiturlyfjakóns nái ekki aðalvitninu gegn honum á sitt vald. Saman lenda þau síðan ásamt félaganum Rikku, hinum klaufalega Thorbirni, í ýmsum ævintýrum þar sem bókstaflega allt sem getur farið úrskeiðs fer úrskeiðis ...

Punktur

- Handrit myndarinnar er skrifað af leikstjóranum Nikolaj Peyk og Casper Christensen sem er best þekktur sem Casper í *Klovn*-þáttunum og myndunum.



Linda Pedersen, Roland Møller og Anders Baasmo Christiansen í hlutverkum sínum í dönsku gamanmyndinni *Undercover*.




Aðalhlutverk: Linda Pedersen, Roland Møller og Anders Baasmo Christiansen **Leikstj.:** Nikolaj Peyk **Útg.:** Myndform

Gamanmynd

7. september

Var saga hans öll sögð?



Þegar Armand Roulin er falið að afhenda síðasta bréf Vincents van Gogh til bróður síns, Theos, fær hann um leið áhuga á lífi listamannsins og fer að gruna að hann hafi í raun verið myrtur en ekki framið sjálfsmorð eins og sagt er. Armand ákveður að rannsaka málið sjálfur og hreyfir um leið við mörgum.

Loving Vincent er einstök mynd, bæði sagan sjálf og gerð hennar, en allt frá dauða Vincents van Gogh hefur sú skýring að hann hafi framið sjálfsmorð verið dregin í efa af ýmsum, ekki síst vegna stefnu kúlunnar sem varð honum að bana. Þessar efasemdir eru efniviður myndarinnar sem um leið er að öllu leyti olíumáluð á striga í stíl Vincents sjálfs, en það ljær henni að sjálf sögðu einstakt yfirbragð. Sagan er um Armand Roulin sem um ári eftir dauða Vincents er falið að afhenda Theo bróður hans síðasta bréfið sem Vincent skrifaði, en Theo er sagður búa í París. Þegar í ljós kemur að Theo er líka látinn ákveður Armand að fara til bæjarins Auvers-sur-Oise þar sem Vincent bjó síðast og athuga hvort hann finni verðugan viðtakanda bréfsins. Þegar þangað er komið kvikna grunsemdir hans ...



Það er Douglas Booth sem leikur aðalhlutverk myndarinnar, póstmanninn Armand Roulin sem ákveður að rannsaka lát Vincents van Gogh.

Loving Vincent

Söguleg sakamálasaga



Talsetning: Douglas Booth, Robert Gulaczyk, Jochum ten Haaf, Jerome Flynn, Saoirse Ronan, Helen McCrory, Chris O'Dowd, John Sessions, Eleanor Tomlinson og Aidan Turner **Leikstjórn:** Dorota Kobiela og Hugh Welchman **Útgefandi:** Myndform

7. september



Veistu svarið?

Vincent van Gogh var fæddur í bænum Zundert í Hollandi 30. mars 1853 og lést aðeins 37 ára gamall í bænum Auvers-sur-Oise í Frakklandi að morgni 29. júlí 1890 eftir að hafa fengið byssukúlu í brjóstið 30 klst. fyrr. En hvert var millinafn hans?



Willelm.

Punktur


★★★★ - *Seattle Times* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *W. Post* ★★★★★1/2 - *IndieWire*

• *Loving Vincent* hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar og var m.a. tilnefnd til bæði BAFTA-, Golden Globe og Óskarsverðlauna sem besta handgerða mynd ársins 2017.

• Við gerð myndarinnar var ekki bara lögð áhersla á að mála í stíl van Gogh heldur má finna í henni nokkur frægustu málverk hans.



Það tók 125 málara frá tuttugu löndum tæplega fjögur ár að mála alla 65 þúsund ramma myndarinnar, en þeir eru málaðir í hinum sérstaka stíl Vincents van Gogh og ljá myndinni áður óséða áferð.



VOD L 102 min

Aðalhl.: Madeline Carroll, Denise Richards og Joey Lawrence **Leikstj.:** Anna Elizabeth James **Útgefandi:** Sena

Fjölskyldumynd 13. september

Tækifærin eru alls staðar

Lily Davidson verður fyrir miklum vonbrigðum þegar móðir hennar ákveður að senda hana til sumardvalar hjá frænku þeirra, Glo, sem býr á afskekktum sveitabæ. En dvölin hjá Glo á eftir að bjóða Lily upp á glæný tækifæri til að láta til sín taka og sýna í eitt skipti fyrir öll hvað í henni býr.

Destined to Ride er ljúf fjölskyldumynd eftir Önnu Elizabeth James sem gerði einnig myndina *Emma's Chance*, en hún fjallaði líka um unga stúlku sem nær einstöku sambandi við hest. Í þessu tilfalli er það hestur að nafni Pistachio sem Lily fellur fyrir þrátt fyrir að hafa verið vörðuð við að hann væri erfiður. En Lily veit sínu viti og nær trausti hestsins á skömmum tíma þótt sú vinna kosti hana vissulega nokkrar byltur. Þetta traust á eftir að koma sér vel þegar óþrúttinn nágranni Glo byrjar að ógna henni og það kemur í hlut Lily og Pistachio að bjarga máluinum ...

Punktur
 •Leikstjóri myndarinnar, Anna Elizabeth James, skrifaði einnig söguna og handritið.



Einn af hápunktum myndarinnar eru spennandi kappreiðar sem Lily þarf að vinna.



VOD 12 93 min

Aðalhlutverk: Lola Kirke, Zoë Kravitz, John Cho og Greta Lee **Leikstjórn:** Aaron Katz **Útgefandi:** Sena

Morðgáta 13. september

Hið augljósa er ekki alltaf svo augljóst


Jill LeBeau er persónuleg aðstoðarkona leikkonunnar og stórstjórnunnar Heather Anderson sem þarf að þola stöðugt áreiti frá fjölmiðlum, sjálfstæðum ljósmyndurum og aðdáendum. Nótt eina er Heather myrt heima hjá sér og um leið breytist líf Jill í martröð sem ætlar engan enda að taka.

Hér er á ferðinni „neo noir“-ráðgáta sem hefur fengið fina dóma og er með 7,6 í meðaleinkunn frá þrjátíu gagnrýnendum á Metacritic. Eins og títt er um svona myndir er ekki allt sem sýnist og það kemur ekki síst í hlut áhorfenda að reyna að púsla saman vísbendingum og sjá sannleikann fyrir. Þeir áhorfendur sem gaman hafa af góðum og vel gerðum morð- og ráðgátum ættu hiklaust að kíkja á þessa.

Punktur
 ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *Playlist* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Slant Magazine* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *New York Times*



John Cho leikur lögreglumanninn Edward Ahn sem fær málið til rannsóknar og getur að sjálfsgöðu ekki útilokað að Jill (Lola Kirke) viti meira um morðið en hún vill vera láta.



Jafnvel hestar eiga sér drauma

Monica Radcliffe fær einn af draumum sínum uppfylltan þegar hún eignast folald sem hún ákveður að nefna Champion. Hún verður svo meira en lítið hissa þegar í ljós kemur að Champion talar og skilur mannamál og hefur sínar eigin hugmyndir um hvað hann vill verða þegar hann er orðinn stór.

Fjölskyldumyndin *A Horse Story* er eftir John Rogers sem bæði leikstýrði og skrifaði handritið og leikur einnig eitt aukahlutverkið í myndinni.

Þótt það sé bara á vitorði Monicu að Champion geti talað þá vekur hann fljótlega athygli fyrir aðra hæfileika sína og kemur víða við til að finna þeim hæfileikum farveg, eins og t.d. að leika í bíómynd og prófa að vera sýningarhestur á hlýðni-sýningu. En Champion á eins og aðrir á hans aldri ýmislegt ólært áður en hann getur ákveðið endanlega í samvinnu við Monicu hvert lífsstarf hans verður ...




Jackie R. Jacobson leikur hina ungu Monicu sem eignast hest sem talar mannamál!

VOD L 100 min

Aðalhl.: Jackie R. Jacobson, Aaron Johnson Araza og Jesse Bell **Leikstjórn:** John Rogers **Útgefandi:** Myndform

Fjölskyldumynd 14. september



Komdu með í ævintýraferð

Nils Holgersson er latur strákur og hrekkjóttur og vondur við dýrin á bænum. Þegar dvergálfur leggur á hann álög svo hann breytist í lítinn álf sjálfur þarf hann að endurmeta viðhorf sín og læra að breyta hegðun sinni.

Þessi útgáfa inniheldur sögur af ævintýrum Nils Holgerssonar þar sem hann ferðast heilt sumar á baki gæsa og kynnist mörgum nýjum svæðum og dýrunum sem þar búa. Sum eru góð en sum geta verið hættuleg og það á eftir að reyna verulega á Nils í samskiptum við þau. Hér er um að ræða fimmtu seríu útgáfunnar sem inniheldur sjö sjálfstæða og fjöruga þætti.

Punktur

- Sænska skáldkonan Selma Ottilia Lovisa Lagerlöf (1858–1940) gaf bókina um Nils Holgersson (*Nils Holgerssons underbara resa genom Sverige*) út árið 1904, en hún var upphaflega skrifuð að beiðni sænska kennarasambandsins til að nota við landafræðikennslu barna. Bókin varð þó fljótt vinsæl á meðal almennings og var á næstu árum og áratugum þýdd á fjölda



tungumála, þar á meðal á íslensku árið 1946 af Marinó L. Stefánssyni og hét þá *Nilli Hólmgeirsson og ævintýraför hans um Svíþjóð*. Sagan var svo lesin í útvarpinu af Huldu Runólfsdóttur og naut sá lestur ómældra vinsælda landsmanna á sínum tíma. Þess má geta að Selma Lagerlöf varð árið 1909 fyrsti Svíinn og um leið fyrsta konan til að hljóta Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.



VOD L 90 min

Teiknimyndir með íslensku tali um Nils Holgersson og fjölbreytt ævintýri hans **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni 14. september

Út yfir gróf og dauða

Rob er ungur maður sem syrgir látna unnustu sína, Nínu, og hefur ekki náð sér heilum eftir dauða hennar. Dag einn kynnist hann annarri stúlku, Holly, en sá böggull fylgir sambandi þeirra að í hvert sinn sem þau elskast snýr Nína aftur frá dauðum, mjög ósátt við að Rob sé að halda fram hjá henni!

Þessi frumlega mynd írsku bræðranna Bens og Chris Blaine hefur vakið mikla athygli en þeir blanda hér saman gríni, hrolli og ástardrama í vægast sagt sérstakan kokteil. Um leið verður til ráðgáta, því hvernig fer maður að því að losna endanlega við látna ástvini sem finna ekki hvíldina handan við móðuna miklu?

Til að byrja með ógnar endurkoma Nínu að sjálfsgöðu sambandi þeirra Robs og Hollyar – eða allt þar til þau ákveða að gera allt til að flæma hana á brott ...

Punktar

★★★★★ - *CineVue* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *The Playlist* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Screen International* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*

• *Nina Forever* hefur hlotið fjölmörg verðlaun á kvikmyndahátíðum og góða dóma gagnrýnenda en hún er með 7,5 í meðaleinkunn á Metacritic og 9,7 á Rotten Tomatoes. Þess má og geta að Abigail Hardingham hlaut Óháðu bresku kvikmyndaverðlaunin sem besti nýliði ársins fyrir leik sinn í myndinni enda þykir hún sýna frábæra takta, ekki síður en Fiona O'Shaughnessy sem leikur Ninu og Cian Barry sem leikur Rob.

• Myndin var að mestu leyti fjármögnuð í gegnum vefinn Kickstarter.



Þeir eru örugglega ekki margir sem þurfa að deila rúmi með draugi unnustu sinnar.



Aðalhl.: Fiona O'Shaughnessy, Abigail Hardingham og Cian Barry **Leikstj.:** Ben og Chris Blaine **Útgefandi:** Myndform

Grín/drama/hrollur 14. september



Aðalhlutverk: Toby Kebbell, Maggie Grace, Ryan Kwanten og Ralph Ineson **Leikstjórn:** Rob Cohen **Útg.:** Myndform

Spenna/hasar 14. september

Fokið í flest skjól

Hópur þjofa skipuleggur viðamikið peningarán en um leið nálgast kraftmesti fellibylur allra tíma ránsstaðinn og ógnar bæði þeim og lögreglunni.

Þeir sem vilja sjá myndir þar sem spenna og hasar eru í fyrirrúmi ættu að leigja sér þessa mynd sem er nánast ein samfelld rússíbanareid frá upphafi til enda. Það er ekki nóg með að miskunnarlaust þjófagengið ætli sér að ræna 600 milljón dollurum úr sjálfum fjárgæmslum ríkisins og fremja þar með eitt stærsta rán í sögunni heldur er stormurinn sem nálgast einnig sá stærsti sem sögur fara af. Og þótt ránið sjálf heppnist eiga þjófarnir eftir að glíma við þann ofsa, svo og þeir lögreglumenn sem eru sendir til að stöðva þá áður en þeir sleppa út í buskann ...

Punktar

★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Paste Magazine* ★★★★★ - *Los Angeles Times*

• Leikstjóri myndarinnar, Rob Cohen, á margar þekktar myndir að baki, s.s. *Dragon-Heart*, *Daylight*, *The Fast and the Furious*, *xXx*, *Alex Cross* og *The Boy Next Door*.



Toby Kebbell og Maggie Grace í hlutverkum sínum í *The Hurricane Heist*.

HANN KEMUR EKKI EINN
DEADPOOL 2



Deadpool 2

Ofurhetjur / Hasar / Grín



Aðalhlutverk: Ryan Reynolds, Josh Brolin, Zazie Beetz, T.J. Miller, Terry Crews, Eddie Marsan, Bill Skarsgård, Morena Baccarin, Julian Dennison og Shioli Kutsuna **Leikstjórn:** David Leitch **Útgefendur:** Sena og Síminn og Vodafone

20. september



Margar nýjar persónur koma við sögu í *Deadpool 2* sem voru ekki í fyrri myndinni og Domino, sem Zazie Beetz leikur, er ein af þeim.

Veistu svarið?

Það er ástralski leikarinn Julian Dennison sem fer með hlutverk hins unga Russells Collins en hann er einn af X-fólkinu og á með kröftum sínum eftir að valda miklum usla í framtíðinni sé hann ekki stöðv- aður strax. En hvert er ofurhetjunafn Russells?



Frest

Endurkoma ársins!

Fyrsta *Deadpool*-myndin sem var frumsýnd sumarið 2016 naut mikilla vinsælda enda bráðskemmtileg í alla staði, hröð og fyndin. Þá þegar var alveg ljóst að von væri á fleiri myndum um þennan sjálfskipaða bjargvætt og þann 20. september er komið að útgáfu myndar 2 á DVD, BluRay og á VOD-leigunum.

Já, Wade Wilson, öðru nafni Deadpool, er mættur til leiks á ný eins og hann byrjaði strax að boða eftir síðustu heimsókn. Í þetta sinn glímur hann m.a. við hinn öfluga tímaferðalang Nathan Summers, en sá er betur þekktur sem hálfvélmannið Cable og er leikinn af Josh Brolin. Cable er kominn úr framtíðinni til að gera út af við ungan dreng, Russell Collins, sem er einn af X-fólkinu og á í framtíðinni eftir að gera Cable skráveifu – en það er einmitt það sem Cable vill koma í veg fyrir að gerist. Deadpool sker stí leikinn en uppgötvar fljótlega að baráttan við Cable er bara forsmekkurinn af því sem koma skal, svo ekki sé meira sagt. Það á því eftir að koma sér vel fyrir hann að eiga féлага sem geta hjálpað til í stöðunni ...



Sem fyrr nýtur Wade Wilson/ Deadpool aðstoðar vinar síns Weasels við úrlausn hinna ýmsu mála en þeir félagar deila líka svipuðum húmor.

Punktar

- ★★★★★ - *Washington Post* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*
- ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Total Film*
- ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *IGN*

• Leikstjóri *Deadpool 2* er David Leitch sem síðast sendi frá sér myndina *Atomic Blonde* en hann á einnig langan feril að baki sem áhættuleikari og sem aðstoðarleikstjóri mynda eins og *John Wick*, *Jurassic World*, *Captain America: Civil War* og *The Wolverine*. Handritshöfundar eru hins vegar þeir sömu og síðast, Rhatt Reese og Paul Wernick, auk Ryans Reynolds sem er meðhöfundur þess.



Josh Brolin leikur hinn öfluga Nathan Summer, eða Cable, sem Deadpool á enga möguleika í upp á eigin spýtur. Eða hvað?



Aðalhl.: Katherine Barrell, Tim Rozon, Luke Newton og Sai Bennett **Leikstjórn:** Darrell Roodt **Útgefandi:** Sena

Tryllir

20. september

Ekki reikna með miskunn

Þegar nokkur ævintýragjörn ungmenni uppgötva fyrir tilviljun stöðuvatn sem virðist hafa verið afmáð af kortum og kyrflega afgirt fyllast þau forvitni og ákveða að skoða hvað vatnið og umhverfi þess hefur að geyma.

Krókódíllinn risastóri sem kvikmyndaáhugafólk kynntist fyrst árið 1999 í myndinni *Lake Placid* lifir enn og er eins og áður sísvangur. Hann á því væntanlega eftir að fagna komu ungmennanna forvitnu sem hafa ekki hugmynd um út í hvað þau eru komin fyrr en það er orðið of seint. Nær eitthvert þeirra að lifa ævintýrið af?

Punktur

• Þótt *Lake Placid: Legacy* sé í raun sjötta myndin sem byggð er á sögunni um krókódíllinn risavaxna í Placid-vatni þá gerir sagan í henni ekki ráð fyrir að atburðirnir í myndum tvö til fimm hafi átt sér stað heldur bara það sem gerðist í fyrstu myndinni árið 1999. Þetta er með öðrum orðum annar kafli sögunnar upp á nýtt.



Hluti ungmennanna sem fara inn á yfirráðasvæði krókódílsins. Sleppa þau út aftur?

Gætum hins gullna eggs!

Stórskemmtileg teiknimynd um kanínustrákinn Max sem fyrir mikla tilviljun finnur leynilegan kanínuskóla þar sem hann á eftir að læra ýmsa galdra.

Kanínuskólinn er byggð á samnefndri teiknimyndabók þeirra Fritz Koch-Gotha og Alberts Sixtus sem kom upphaflega út árið 1924 og er fyrir löngu orðin sigild í heimalandinu, Þýskalandi. Kanínuskólinn er enginn venjulegur skóli heldur læra kanínurnar þar að verða páskakanínur sem skreyta egg og fela þau fyrir mannfólkinu sem leitar þeirra á páskum. Þær gegna einnig því hlutverki að gæta hins gullna eggs sem er nokkurs konar fjöregg páskakanínanna og gráðugir refir reyna í sífellu að komast yfir. Það má þeim alls ekki takast!



Punktur

• *Kanínuskólinn* var valin besta teiknimyndin á kvikmyndahátíðunum í Zürich og München og tilnefnd sem besta barnamyndin 2017 á kvikmyndahátíðinni í Berlín.



Teiknimynd um ævintýri kanínustráksins Max og féлага hans í kanínuskólanum **Íslenskt tal** **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

21. september



Aðalhlutv: Florence Pugh, Cosmo Jarvis, Paul Hilton og Naomi Ackie **Leikstjórn:** William Oldroyd **Útgefandi:** Myndform

Drama/glæpasaga 21. september

Morð leysa málin

Frábær mynd um unga konu, Katherine, sem seld er í ástlaust hjónaband um miðja nítjándu öld en finnur að lokum leiðir til að snúa öllum málum sér í vil.

Það er best að taka það fram til að forðast misskilning að þrátt fyrir nafnið á sagan í þessari mynd ekkert skylt við leikverk Shakespeares heldur er hér frekar verið að vísa í að aðalpersónan, Katherine, er ekki öll þar sem hún er séð. Segja má að sagan byrji sem dæmigert breskt stéttardrama, þróist út í eldheita rómantík og síðan í glæpasögu sem Hitchcock hefði orðið stoltur af. Ekki missa af henni!

Punktur

★★★★★ - *Washington Post* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Telegraph*
 ★★★★★1/2 - *Screen Int.* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone*
 ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *Total Film*
 ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Tim Out*

- *Lady Macbeth* hefur hlotið afar góða dóma og fjölmörg verðlaun. Hún var m.a. tilnefnd til fimmtán verðlauna á Óháðu bresku kvikmyndahátíðinni og hlaut fern, fyrir besta handrit, bestu kvikmyndatöku, bestu búninga og fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna. Hún var einnig tilnefnd til tvennra BAFTA-verðlauna, fyrir bestu frumraun leikstjóra og sem besta mynd ársins.



Hin tvítuga Florence Pugh hefur hlotið frábæra dóma fyrir leik sinn í myndinni.

- Handrit myndarinnar, sem er eftir Alice Birch, er að hluta til byggt á sögu rússneska rithöfundarins Nikolais Leskov, *Lady Macbeth of Mtsensk*, sem kom upphaflega út árið 1865.

Hver er morðinginn?


Spoor gerist í hinum afskekktu Kłodzko-dal í suðvestur Póllandi þar sem nokkrir veiðimenn falla fyrir dularfullum morðingja. Janina Duszejko, sem er einn af íbúum dalsins, telur sig vita hver morðinginn er – en er ekki trúað.

Þessi magnþrungna mynd er gerð eftir skáldsögu pólska rithöfundarins Olga Tokarczuk sem kom út árið 2009 og nefnist *Prowadź swój pług przez kości umarłych* á frummálinu en *Drive Your Plow over the Bones of the Dead* í enskri þýðingu. Hér er um að ræða mynd fyrir fólk sem kann að meta dularfullar sakamálasögur.

Punktur

★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *The Hollywood Reporter*

- Myndin, sem nefnist *Pokot* á frummálinu, hefur hlotið fjölmörg verðlaun á kvikmyndahátíðum, þ. á m. Silfurbjörninn á kvikmyndahátíðinni í Berlín í fyrra. Hún var enn fremur framlag Pólverja til Óskarsverðlaunanna í ár.



Aðalhlutverk: Agnieszka Mandat, Wiktor Zborowski og Miroslav Krobot **Leikstjórn:** Agnieszka Holland **Útg.:** Myndform

Drama/ráðgáta 21. september



Agnieszka Mandat og Miroslav Krobot í hlutverkum sínum í *Spoor*.

Ferðalagið sem breytti sögunni

Í október árið 2006 var enn grunnt á því góða á milli fyrrverandi stríðandi fylkinga á Norður-Írlandi og raunveruleg hættu á því að upp úr myndi sjóða á ný. Við þá tilhugsun var ekki hægt að sætta sig og úr varð að leiðtogarnir Ian Paisley og Martin McGuinness, sem höfðu verið svarnir andstæðingar um áratugaskeið, hittust í fyrsta sinn við vægast sagt óvenjulegar aðstæður.

Í miðjum friðarviðræðum sem fram fóru í strandbænum St. Andrews í Skotlandi ákvað Ian Paisley að skreppa til Írlands og fagna gullbrúðkaupi sínu og eigin-konunnar. Ákveðið var að Martin myndi fylgja honum þannig að þeir gætu ræðst við í fyrsta sinn augliti til auglitis. Þau samtöl áttu síðan eftir að breyta sögunni ...

Punktur

★★★1/2 - *Village Voice* ★★★1/2 - *Screen Internat.* ★★★1/2 - *Variety*
★★★ - *Los Angeles Times* ★★★ - *The New York Times* ★★★ - *Total Film*

• Þeir Ian Paisley og Martin McGuinness voru 80 og 56 ára gamlir þegar þeir fóru í hið mikilvæga og örlagaríka ferðalag sem fjallað er um í myndinni. Ian lést síðan í september 2014 og Martin í mars 2017.

• Í myndinni koma fram nokkrar aðrar þekktar persónur úr breskum og írskum stjórnmálum þess tíma sem hún gerist á, þ. á m. Tony Blair og Jerry Adams.

• John Hurt leikur hér Harry Patterson og er þetta eitt af síðustu hlutverkunum sem hann tók að sér, en hann lést sem kunnugt er í janúar 2017, skömmu eftir frumsýningu myndarinnar.



Timothy Spall og Colm Meaney leika þá Ian Paisley og Martin McGuinness.



Aðalhlutverk: Timothy Spall, Colm Meaney, John Hurt og Toby Stephens **Leikstjórn:** Nick Hamm **Útgef.:** Myndform

Sannsgulegt

21. september

Fróðlegar teiknimyndir fyrir börn á leikskólaaldri

Hinrik er lítill drengur sem eins og aðrir á hans aldri er forvitinn um allt og duglegur við að spyrja spurninga. Það kemur sér því vel að á hverjum degi hittir hann alltaf einhverja nýja persónu sem getur svarað forvitni hans.

Teiknimyndabættirnir um Hinrik hafa notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum, þ. á m. á RÚV. Í þessum þáttum geta allir talað, bæði dýr, jurtir og hlutir og það nýtir Hinrik sér til að spyrja þeirra spurninga sem hann vill fá svör við. Á hverjum degi hittir hann einhvern til að tala við og útkoman er alltaf fróðlegt samtal sem svarar forvitni hans. Þessi fjórða VOD-útgáfa inniheldur sex þætti seríunnar, en þær fyrri komu út í mars, júní og júlí.



4


ÞÆTTIR 21-26



Teiknimyndir um hann Hinrik sem hittir nýjar persónur á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

21. september



Aftur í skólann

Þegar eiginmaðurinn fer fram á skilnað ákveður Deanna að byrja upp á nýtt í orðsins fyllstu merkingu og halda áfram í framhaldsskólanum sem hún hætti í á sínum tíma fyrir hjónabandið og vegna þess að hún var ófrísk.

Grín og gaman og kostulegar uppákomur er það sem áhorfendur mega búast við í þessari nýju mynd með gríndrottningunni Melissa McCarthy í aðalhlutverki. Hún leikur hér konu sem er staðráðin í að láta skilnað við eiginmanninn verða til góðs þrátt fyrir allt og innritar sig í sama skólann og hún var í þegar þau hittust á sínum tíma og eignuðust dótturina Maddie. Þar á hún svo eftir að setja mark sitt á skóla-lífið, enda býr hún að mikilli reynslu og þekkingu sem aðrir nemendur hafa ekki ...

Punktur
 ★★1/2 - *New York Post* ★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★1/2 - *E.W.*
 ★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★1/2 - *Variety* ★★★ - *Chicago Tribune*

- *Life of the Party* er þriðja myndin sem eiginmaður Melissa McCarthy, Ben Falcone, leikstýrir með henni í aðalhlutverki en hinar tvær voru *Tammy* og *The Boss*. Þau skrifuðu einnig handrit þessara mynda saman. Þess má geta að Ben leikur einnig hlutverk Uber-leigubilstjórans Dales í myndinni.

- Tónlistarkonan Christina Aguilera kemur fram í *Life of the Party* sem hún sjálf og syngur eitt lag.

- Hermt er að foreldrar Deönnu í myndinni séu byggðir á raunverulegum foreldrum Melissa McCarthy, enda bera þeir sömu nöfn, Michael og Sandy.



Það er hin fjallhressa Melissa McCarthy sem leikur hina fjallhressu Deönnu.



Aðalhl.: Melissa McCarthy, Molly Gordon, Gillian Jacobs og Maya Rudolph **Leikstj.:** Ben Falcone **Útgef.:** Síminn og Vodafone

Gamanmynd

24. september



Fylgdu þínum eigin reglum

Nýjasta mynd Wes Anderson (*The Grand Budapest Hotel*, *Moonrise Kingdom*, *Rushmore*) er meistaraverk sem allt kvikmyndaáhugafólk ætti að sjá.

Myndin gerist eftir 20 ár þegar hundaplága í borginni Megasaki í Japan leiðir til þess að borgarstjórinn Kobayashi ákveður að banna alla hunda og lætur flytja þá sem eru í borginni til Rusleyju þar sem þeirra biður lítið annað en að veslast upp. Þegar ungur piltur að nafni Atari kemur út í eyjuna í leit að hundinum sínum Spot tekur atburðarásin ófyrirsjáanlega og óvænta stefnu sem á eftir að breyta öllu ...

Punktur
 ★★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *N.Y. Magazine* ★★★★★1/2 - *IGN*
 ★★★★★1/2 - *Entert. W.* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone*
 ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *CineVue*
 ★★★★★ - *The Telegraph* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *The Guardian*

- Fyrir utan þá Bryan Cranston, Koyu Rankin og Edward Norton sem nefndir eru í aðalhlutverkum myndarinnar tala fjölmargir aðrir þekktir leikarar fyrir persónur myndarinnar og má þar nefna Bill Murray, Jeff Goldblum, Gretu Gerwig, Frances McDormand, Scarlett Johansson, F. Murray Abraham, Harvey Keitel, Tildu Swinton, Ken Watanabe, Fisher Stevens, Liev Schreiber, Courtney B. Vance og Anjelicu Huston.

- Enskt nafn myndarinnar er orða-leikur. Prófið að segja það hratt!




Höfundur myndarinnar, Wes Anderson, ásamt mörgum af þeim persónum sem koma við sögu í þessari skemmtilegu og frumlegu mynd.



Aðalhlutverk/talsetning: Bryan Cranston, Edward Norton og Koyu Rankin **Leikstj.:** Wes Anderson **Útg.:** Síminn og Vodafone

Ævintýri

27. september



Book Club

Gamanmynd / Rómantík



Aðalhlutverk: Diane Keaton, Jane Fonda, Candice Bergen, Mary Steenburgen, Andy Garcia, Craig T. Nelson, Don Johnson, Richard Dreyfuss, Ed Begley Jr. og Alicia Silverstone **Leikstjórn:** Bill Holderman **Útgefandi:** Sena

27. september



Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn sem þau Diane Keaton og Andy Garcia leika hvort á móti öðru en það gerðu þau einnig í mynd sem var frumsýnd 1990 og var þriðji kaflinn í frægum þríleik. Hvaða?



The Godfather

Það er aldrei of seint að byrja aftur

Æskuvinkonurnar Diane, Sharon, Vivian og Carol hafa allar upplifað með árunum að blossinn í sambandi þeirra við karlmenn hefur orðið daufari og daufari. Hlutirnir breytast hins vegar snarlega þegar þær lesa hina erótísku bók *Fifty Shades of Grey* enda fyllir sagan þær allar löngun til að endurnýja kynni sín af ástinni eins og hún gerðist best fyrir á árum.

Book Club er lauflétt rómantísk gamanmynd þar sem átta af fyrrverandi stórstjörnum bandarískra kvikmynda koma saman, þ.e. Jane Fonda, Candice Bergen, Diane Keaton og Mary Steenburgen sem leika vinkonurnar fjórar og þeir Andy Garcia, Craig T. Nelson, Don Johnson og Richard Dreyfuss sem leika karlana fjóra í lífi þeirra.

Þótt vinkonurnar fjórar séu eftir lestur bókarinnar allar til í að endurnýja kynni sín af ástinni þá er það auðvitað ekki nóg því karlarnir í lífi þeirra hafa ekki lesið hana og því þarf að kveikja í þeim á einhvern annan hátt. En hvernig í ósköpunum eiga þær að fara að því?



Æskuvinkonurnar Diane, Sharon, Vivian og Carol eru leiknar af þeim Diane Keaton, Candice Bergen, Jane Fonda og Mary Steenburgen.

Punktur

★★★★1/2 - RogerEbert.com ★★★★★ - Entertainment Weekly
 ★★★★★1/2 - ReelViews ★★★★★1/2 - Wash. Post ★★★★★1/2 - Wrap
 ★★★★★1/2 - L.A. Times ★★★★★1/2 - V. Voice ★★★★★1/2 - N.Y. Mag.

• *Book Club* er fyrsta mynd Bills Holderman sem leikstjóra en hann á að baki framleiðslu nokkurra mynda og er handritshöfundur einnar þeirra, *A Walk in the Woods*, sem var frumsýnd fyrir tveimur árum. Bill skrifaði einnig handritið að *Book Club* ásamt Erin Simms og þykir það í alla staði ákaflega vel heppnað, hnyttið og skemmtilegt.

• *Book Club* hefur hlotið afar góðar viðtökur bæði gagnrýnenda og áhorfenda sem kunna að meta fyndnar „feel good“-myndir.



Hér eru þær Sharon og Diane (Candice Bergen og Diane Keaton) að horfa á eitthvað skemmtilegt en það er einmitt það sem þessi mynd er.



Solo: A Star Wars Story

Star Wars



Aðalhlutverk: Alden Ehrenreich, Emilia Clarke, Donald Glover, Paul Bettany, Woody Harrelson, Phoebe Waller-Bridge, Thandie Newton, Jon Favreau, Joonas Suotamo og Warwick Davis **Leikstjórn:** Ron Howard **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

27. september



Veistu svarið?

Woody Harrelson leikur hér Tobias Beckett sem fær Han Solo í lið með sér og á eftir að verða nokkurs konar lærifaðir hans. Um leið er þetta í annað sinn sem Ron Howard leikstýrir Woody í brómynd, en það gerði hann einnig árið 1999. Í hvaða mynd?



AP3

Aftur til upphafsins

Önnur hliðarsagan í *Star Wars*-sögunni segir frá ævintýrum Hans Solo áður en hann hitti Luke Skywalker og gekk ásamt honum til liðs við uppreisnarmenn í fyrstu myndinni, þ.e. fjórða kafla sögunnar, *A New Hope*, sem var frumsýndur 1977.

Eins og allir sem fylgst hafa með *Star Wars*-sögunum vita fjallaði fyrsta hliðarsagan, *Rogue One*, um það hvernig uppreisnarmenn komust yfir teikningarnar sem síðar áttu eftir að gera þeim kleift að finna veika blettinn á hinum risastóra vígahnetti Dauðastjörnu. Í þetta sinn fáum við hins vegar að kynna Han Solo áður en hann og Luke Skywalker hittast í fyrsta sinn í *A New Hope*, og hefst sagan meira að segja löngu áður en Han eignast hið forlata geim- og bardagaskip Millennium Falcon og áður en hann hittir félagasinn, Chewbacca í fyrsta sinn. Meira viljum við ekki segja um söguna til að skemma ekki fyrir þeim sem hafa ekki séð myndina en óhætt er að fullyrða að hún er full af óvæntum atburðum og upp-götvunum sem að lokum leiða til þess að þeir Han og Luke hittast í fyrsta sinn á plánetunni Tatooine, heimaþlénetu Lukes ...



Hinn 29 ára gamli Alden Ehrenreich leikur Han Solo í myndinni en þess má geta að Harrison Ford var 34 ára þegar hann lék hann í *A New Hope*.

Punktar

★★★★1/2 - *Verge* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★1/2 - *E. Weekly* ★★★★★1/2 - *Variety*

• Í *Solo: A Star Wars Story* koma auðvitað fram margar nýjar persónur sem ekki hafa áður komið við sögu í *Star Wars*-seríunni en einnig nokkrar gamlar og góðar, þ. á m. Lando Calrissian sem Billy Dee Williams lék í myndunum *The Empire Strikes Back* og *The Return of the Jedi*. Hann er hér leikinn af Donald Glover.




Hey Han, Fálkinn tekur 4.000 lítra af eldsneyti.

Það margborgar sig að
fylla hann hjá Orkunni.

Ekki missa vonina

Nýjasta mynd Baltasars Kormáks er byggð á sannri sögu þeirra Tamiar Ashcraft og Richards Sharp sem hittast árið 1983 og féllu hvort fyrir öðru. Nokkrum mánuðum síðar, eða í október sama ár, tóku þau að sér að sigla 44 feta skútu, Hazana, frá Tahiti-eyju í Pólýnesíu til viðtakenda í San Diego, um 6.500 kílómetra leið yfir opið Kyrrahafið. Það reyndist feigðarför.

Þau Tami og Richard voru bæði þálfvön siglingum og í upphafi var ekkert sem benti til annars en að það yrði lítið mál fyrir þau að sigla Hazana til San Diego. Þau gátu auðvitað ekki séð fyrir að á nítjándi degi ferðarinnar myndu þau lenda í miðjum fellibylnum Raymond sem í ofanálag varð öflugasti fellibylur ársins. Þegar þeim varð ljóst í hvað stefndi reyndu þau að komast norður fyrir mesta vindinn en allt kom fyrir ekki og þau lentu í miðju ofsaveðursins þar sem öldurnar eru taldar hafa risið upp í allt að 15 metra hæð ...



Adrift

Sannsögulegt / Rómantík



Aðalhlutverk: Shailene Woodley, Sam Claflin, Grace Palmer og Jeffrey Thomas **Leikstjórn:** Baltasar Kormákur **Útgefandi:** Myndform

27. september



Hér ræðast þau Shailene Woodley og Baltasar við fyrir tókur á atriði myndarinnar sem gerist auðvitað að stórum hluta á sjó.

Veistu svarið?

Shailene Woodley hóf leikferilinn aðeins 8 ára að aldri og er í uppáhaldi hjá mörgum eftir að hafa sýnt og sannað hæfileika sína í ýmsum myndum á undanförunum árum. Fyrir leik í hvaða mynd var hún tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna árið 2012?



The Descendants



Myndin segir sögu þeirra Tamiar og Richards allt frá því að þau hittast fyrst nokkrum mánuðum áður en þau héldu í hina örlogaríku siglingu.

Punktar

- ★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *Guardian* ★★★1/2 - *R. Stone*
- ★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *E.W.*
- ★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★ - *H. Reporter*

• Sviðsstjóri *Adrift* var Heimir Sverrisson sem m.a. sviðsetti myndirnar *Eiðinn*, *Ég man þig*, *Varg* og *Borgríki*. Stjórn kvikmyndatöku var í höndum þrefalda Óskarsverðlaunahafans Roberts Richardson (*Platoon*, *JFK*, *The Aviator*, *Hugo*, *The Hateful Eight*) og um klippingu sá annar Óskarsverðlaunahafi, John Gilbert (*Hacksaw Ridge*). Tónlistin er svo eftir Volker Bertelmann sem m.a. var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir tónlistina í hinni áhrifaríku *Lion*. Og þá eru bara fáir upptaldir af því fagfólki sem kom að gerð þessarar myndar.



Eftir að hafa lent í hinum öfluga fellibyl mæddi það að öllu leyti á Tami að sigla skútunni enda var Richard illa slasaður og gat sig hvergi hreyft.

Böggjarnir og skamrífir

Pau Matthew og Louisa eru að fara að gifta sig og bæði fjölskyldur þeirra og vini drifur að til að vera viðstödd hina hátíðlegu stund. Þar á meðal er bróðir brúðgumans, Kurt, en hann glímir við það vandamál að vera fyrri-verandi unnusti Louisu og er vægast sagt mjög ósáttur við ráðahaginn.

Það er stundum sagt að hver hafi sinn djöful að draga og það mætti vel heimfæra upp á persónur þessarar myndar því fyrir utan Kurt og brúðhjónin glíma nánast allir brúðkaupsgestirnir við eitthvað úr fortíðinni sem ekki hefur verið gert upp.

Um leið og hin persónulegu vandamál sem þau Matthew, Louisa og Kurt glíma við sín á milli fara að koma upp á yfirborðið byrja aðrir gestir einnig að rifja upp sín vandamál sem eru af ýmsum toga og öllum tegundum. Hvort þeim takist að leysa þau áður en presturinn kemur og athöfnin hefst kemur svo um síðir í ljós ...



Aðalhl.: Jessica Kennedy, Kathleen Turner, Frances Fisher og Wallace Shawn **Leikstj.:** John Rogers **Útg.:** Sena

Gamandrama

27. september



Wallace Shawn og Kathleen Turner eru á meðal brúðkaupsgesta sem Albert og Barbara.

Hverju vilt þú fórna?

Ronit Krushka er ljósmyndari í New York sem snýr aftur á heimaslóðirnar í Englandi þegar faðir hennar sem er rabbíni deyr, en hún hafði á sínum tíma yfirgefið strangtrúaðan söfnuðinn sem fjölskylda hennar tilheyrir enn.

Ronit ákveður að banka upp á hjá æskuvini sínum, Dovid, og kemst þá að því að hann er kvæntur æskuvinkonu þeirra beggja, Esti. Það sem Dovid veit hins vegar ekki er að ein af ástæðunum fyrir því að Ronit yfirgaf söfnuðinn var að hún og Esti áttu í forboðnu ástarsambandi sem gat ekki gengið lengur enda hefðu fjölskyldur þeirra snúið baki við þeim ef upp um þær hefði komist. En hvað gerist núna?

Punktur

★★★★★ - *S. F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *E.W.*
★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *The Guardian*
★★★★ - *Screen* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*

- Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Naomi Alderman sem kom út árið 2006 og var hennar fyrsta bók, en Naomi er sennilega þekktust í dag fyrir bók sína *The Power* sem vann til fjölda bókmenntaverðlauna í fyrra og verður að öllum líkindum kvikmynduð fljótlega.

- Leikstjóri myndarinnar er hinn margverðlaunaði Sebastián Lelio sem gerði m.a. myndirnar *A Fantastic Woman* og *Gloria*. *Disobedience* er hans fyrsta mynd á ensku.



Rachel Weisz, Rachel McAdams og Alessandro Nivola leika aðalpersónurnar í *Disobedience*, þær Ronit, Esti og eiginmann þeirrar síðarnefndu, Dovid.



Aðalhlutverk: Rachel Weisz, Rachel McAdams og Alessandro Nivola **Leikstjóri:** Sebastián Lelio **Útgefandi:** Sena

Drama/rómantik

27. september



Síðasta máltíðin

Louis er rithöfundur sem fyrir tólf árum yfirgaf fjölskyldu sína og hefur síðan verið í litlu sem engu sambandi við hvorki móður sína, eldri bróður né yngri systur sem man varla eftir honum. Þegar hann birtist skyndilega á sínu gamla heimili er uppgjör á milli hans og ættingjanna óumflýjanlegt.

Þessi áhrifaríka og margverðlaunaða mynd kanadíska leikstjórans Xaviers Dolan er byggð á samnefndu leikriti Jeans-Luc Lagarce sem var frumflutt árið 1990. Hér fara nokkrir af bestu leikurum Frakka á kostum í margslunginni persónusköpun, en óhætt er að segja að fjölskylda Louis sé ósátt við brotthvarf hans á sínum tíma. Það sem hún veit hins vegar ekki er að ástæðan fyrir því að Louis ákvað að koma í heimsókn er að hann er dauðvona og er því kominn til að kveðja í hinsta sinn ...

Punktur
 ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Screen International* ★★★★★ - *The Telegraph*

• Myndin hlaut fimm verðlaun af sjö tilnefningum til Kanadíska kvikmyndaverðlaunanna árið 2017, þ.e. fyrir handritið, leikstjórnina, kvikmyndatökuna, besta leik í aukahlutverki karla og sem besta mynd ársins. Hún var einnig tilnefnd til sex César-verðlauna og hlaut þau í þremur flokkum, fyrir bestu leikstjórn, bestu klippingu og fyrir besta leik í aðalhlutverki karla. Þess utan var hún tilnefnd til Gullpálmans á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2016 þar sem Xavier Dolan hlaut dómnefndarverðlaunin fyrir leikstjórnina.



Louis hefur ekki séð fjölskyldu sína í tólf ár og því verða fagnaðarfundir með þeim þegar hann lætur loksins sjá sig. Sú gleði verður þó skammvinn.

VOD 12 @*! 97 min

Aðalhlutverk: Gaspard Ulliel, Vincent Cassel, Marion Cotillard og Léa Seydoux **Leikstjórn:** Xavier Dolan **Útgef.:** Myndform

Drama/leikrit **28. september**



Farið um Frakkland

Hin tæplega níræða Agnès Varda, sem á margar af merkustu kvikmyndum Frakka að baki, og hinn 35 ára gamli ljósmyndari og listamaður JR tóku sig til og ferðuðust um heimaland sitt sumarið 2016 á hinum sérútbúna ljósmyndabil JR. Úr varð alveg kostuleg heimildarmynd sem allir verða að sjá.

Segja má að *Faces Places* sé í raun miklu meira en heimildarmynd því hún er um leið lífssaga fjölda persóna, bæði þeirra sem gerðu hana og þeirra sem þau hitta fyrir á ferðum sínum. Þessar sögur lifa svo áfram, löngu eftir að myndinni lýkur ...

Punktur
 ★★★★★ - *Boston Globe* ★★★★★ - *Wash. Post* ★★★★★ - *N.Y. Times*
 ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Screen*
 ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *The Wrap* ★★★★★1/2 - *Variety*
 ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Slant*

• *Faces Places*, sem heitir á frummálinu *Visages villages*, hefur eins og sést á stjörnujögfinni hér fyrir ofan hlotið toppdóma gagnrýnenda fyrir utan óteljandi verðlaun hvar sem hún hefur verið sýnd á kvikmyndahátíðum.

• Segja má að um leið og við kynnumst þeim JR og Agnès Varda og því einstaka sambandi sem er á milli þeirra kynnumst við einnig vel hinum almenna Frakka sem býr í sveitum landsins og landinu sjálfu. Einhver orðaði það svo að þegar myndinni lýkur mun þig langa til að kaupa þér flugmiða til Frakklands!



Í þessari einstöku og bráðskemmtilegu mynd ferðast þau Agnès Varda, leikstjóri, og ljósmyndarinn JR vítt og breitt um Frakkland og taka risastórar myndir!

VOD L 94 min

Höfundar: JR og Agnès Varda **Útgefandi:** Myndform

Heimildarmynd **28. september**

Eitt leiðir af öðru



Þegar hræðilegt slys verður til þess að svipta hinn unga Símon lífinu kemur sú spurning upp hvort hann hefði verið tilbúinn að gefa öðrum líffæri sín.

Heal the Living er gríðarlega áhrifamikil mynd þar sem tekið er á viðkvæmu mál-efni af mikilli dýpt og þekkingu. Eftir að ljóst er orðið að Símon mun aldrei aftur vakna til lífsins þurfa foreldrar hans að gera það upp við sig á einum sólarhring hvort þeir ætli að lifa í voninni eða láta dauða sonar síns verða öðrum til góðs ...

Punktur
 ★★★★★ - *The Telegraph* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *RogerEbert.com*
 ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Screen Int.* ★★★★★1/2 - *Village Voice*
 ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★1/2 - *Time Out*

• Myndin er byggð á verðlaunaskáldsögunni *Réparer les vivants* eftir Maylis de Kerangal sem kom út árið 2013 og er meistaraverk að mati flestra sem lesið hafa.



Um leið og foreldrar Símonar syrgja hann standa þeir frammi fyrir erfiðri ákvörðun.



Aðalhl.: Tahar Rahim, Emmanuelle Seigner, Anne Dorval og Bouli Lanners **Leikstj.:** Katell Quillévéré **Útgef.:** Myndform


Drama

28. september

Saga um hugljúfa stúlku sem bætir allt og alla


Nýir teiknimyndapættir, byggðir á hinni sígildu bók um Heiðu eftir svissneska rithöfundinn Johönnu Spyri, en hún kom upphaflega út árið 1881.

Bók Johönnu Spyri um Heiðu er þjóðargersemi í Sviss enda eitt þekktasta bókmenntaverk Svisslendinga fyrr og síðar. Sagan er eins og flestir vita um hina sex ára gömlu og munaðarlausu Heiðu sem flytur upp í Alpna til afa síns, en hann er sérvitur einsetumaður, hvumpinn og öngugur við flesta sem hann hittir. En koma Heiðu á fljótlega eftir að gjörbreyta viðhorfum hans til lífsins enda getur enginn verið í vondu skapi lengi sem hefur þessa lífsglöðu, skemmtilegu og snjöllu stúlku sér við hlið.



Punktur

• Þessi útgáfa inniheldur þætti 37 til 39 í seríunni en fyrri þættirnir, þætti 1 til 32, ættu flestir að vera enn fánlegir á VOD-leigunum.



Teiknimyndapættirnir um Heiðu þykja alveg einstaklega vel gerðir.



Teiknimyndir með íslensku tali um hina góðhjörtuðu og síglöðu Heiðu **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

28. september

Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



Rampage

George er albinó-górilla í eigu dýrafræðingsins Davis Okoye sem jafnframt er hans besti vinur enda hefur myndast á milli þeirra einstakt vínátussamband. En þegar George veikist af einhverjum ókunnnum sjúkdómi sem veldur ofsavexti og miklum skapsveiflum byrja hlutirnir heldur betur að fara úr bándunum.

Ævintýri/hasar **12**



Blockers

Blockers þykir afar fyndin og skemmtileg mynd en hún segir frá þeim Lisu, Mitchell og Hunter sem uppgötva að dætur þeirra hafa bundist samkomulagi um að missa meydóminn eftir útskriftarball menntaskólans og ákveða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að svo verði.

Gamannmynd **12**



Tully

Marlo er nýorðin móðir í þriðja sinn og er alveg úrvanda af þreytu og svefnleysi því fyrir utan umstangið í kringum nýfædda barnið eru hin tvö börnin, fimm og átta ára, líka þurftarfræk. Marlo líður eins og hún sé komin fram á einhvers konar bjargbrún í lífinu og við það að gefast upp. En þá kemur Tully!

Gamandrama **12**



Three Billboards Outside ...

Sjö mánuðum eftir að dóttir Mildred Hayes var myrt þrýtur hana þolinmæðina og grípur til sinna ráða til að fá lögreglustjórn Bill Willoughby og menn hans í smábænum Ebbing í Missouri til að rannsaka málið og finna morðingjann. Tekst það eða býr eitthvað gruggugt að baki afskiptaleysinu?

Sakamáladrama **16**



Mary Shelley

Sagan af Mary Shelley sem skrifaði fyrir tvítugt hún sigildu sögu um dr. Victor Frankenstein og óskapnað hans, en sagan kom fyrst út árið 1818. Hér er sagt frá tilurð þessarar merku bókar og um leið einkalífi Mary sem á sínum tíma vakti mikla hneyksln lands hennar. Dakota Fanning leikur titilhlutverkið af snilld.

Sannsögulegt **12**



Black Panther

Black Panther er ein vinsælasta mynd ársins hingað til en hún er 18. myndin úr hinum sameinaða ofurhetjuheimi Marvel-fyrirtækisins. Um leið er þetta fyrsta bíómyndin um konung Wakanda, T'Challa, öðru nafni Svarta pardusinn, en hann býr yfir miklum hæfileikum og verður áberandi í næstu Marvel-myndum.

Ofurhetjur **12**



The History of Love

The History of Love, eða Saga ástarinnar, er í raun nokkrar samtvinnaðar ástarsögur sem spanna meira en 60 ár þar sem miðpersónan er Léo Gursky, bæði á sínum yngri og efri árum. Þetta er afar góð mynd fyrir þá sem kunna að meta sögulegar ástar- og ólagasögur sem sitja lengi eftir í minningu áhorfenda.

Rómantik/drama **12**



Overboard

Gamannmyndin Overboard segir frá því að þegar hrokafulli milljónmæringurinn Leonardo fellur drukkinn fyrir borð af snekkju sinni og skolar síðan minnislausum í land ákveður fyrirverandi ræstiteknir hans, Kate, að nýta sér minnisleysi hans og telja honum trú um að þau tvö séu hjón! Skemmtilegur farsí fyrir alla.

Gamannmynd **L**



Andíð eðlilega

Í Andíð eðlilega er sögum tveggja ólíkra kvenna fléttað saman, annars vegar hælisleitanda frá Gíneu-Bíssa og hins vegar ungrar íslenskrar konu sem hefur störf við vegabréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli. Leiðir þeirra liggja saman á órlagastundu í lífi beggja og tengjast þær óvæntum bándum.

Drama **6**



Game Night

Game Night er mjög fyndin og dálítið svört komedia í anda mynda eins og Horrible Bosses og Hangover-myndanna. Þau Jason Bateman og Rachel McAdams leika hjónin Max og Annie sem kemur ekkert allt of vel saman nema þegar þau sinna því sameiginlega áhugamáli að fara í einhvern leik ásamt vinum sínum!

Gamannmynd **12**



A Quiet Place

A Quiet Place gerist í náinni framtíð þegar einhvers konar óvættir hafa náð jörðinni á sitt vald og útrýmt meirihluta mannkyns. Þeir sem eftir lífa eru í bráðri lífs-hættu og þurfa að geta þess að gefa ekki frá sér nein hljóð því ef þau gera það þá ráðast skrimslin á þau. En hvernig er hægt að lífa án þess að gefa frá sér hljóð?

Tryllir **16**



Pacific Rim: Uprising

Nokkur ár eru liðin síðan Stacker Pentecost og mánnum hans tókst að ráða niðurlögum síðasta Kaiju-skrims-lisins og loka fyrir jarðgátt þeirra á botni Kyrrahafsis. Það verður því uppi fótur og fit þegar í ljós kemur að einhver hefur opnað gáttina aftur og að yfirvandi er ný áras, enn öflugri en áður.

Hasar/ævintýri **12**



Every Day

Every Day er byggð á unglíngabók Davids Levithan sem kom út í ágúst 2012 og sat um margra vikna skeið á metsölulista New York Times. Sagan er um hina 16 ára gömlu Rhiannon sem verður ástfangin af persónu – eða sál – sem vaknar á hverjum degi í öðrum líkama en hún var í í gær.

Rómantik **9**



The Death of Stalin

Einn alræmdasti harðstjóri sögunnar, Jósef Stalín, lést 5. mars árið 1953 eftir að hafa fengið heilablóðfall þann dag sem hann hafði ekki skilið eftir nein fyriræli um aftaka sinn hófst þá þegar algv makalaust valdatali hæst settu mannanna í stjórnmál í Kreml sem hér er gert stólpágrin að.

Satira **16**



Ready Player One

Ready Player One er nýjasta mynd Stevens Spielberg en hún er gerð eftir geysivinsælli verðlauna- og metsölubók Ernest Cline. Þetta er einstaklega frumlegt og viðburðaríkt ævintýri og vísindaskáldsaga sem gerist að mestu í hinni stórfenglu tölvuveröld Oasis þar sem fjölmargir þekktir karakterar búa.

Spenna/hasar **12**



Coco

Coco er nítjándi mynd Pixar-teikni-myndarísans í fullri lengd og er rómuð sem ein besta teiknimynd fyrirtækisins til þessa. Myndin hlaut bæði Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins auk þess sem aðallag hennar, Remember Me, hlaut Óskarin sem besta kvikmyndalag ársins.

Ævintýri **L**



Ferdinand

Teiknimyndin um stóra, sterka en góðhjártaða nautið Ferdinand er frá þeim sömu og gerðu Isaldar- og Rio-myndirnar og hefst þegar Ferdinand er bara lítill kálfur. Þegar órlögin haga því svo til Ferdinand er fyrir misskilning sendur til Madridar til að berjast þarf hann að finna leiðina heim áður en það er of seint.

Ævintýri **L**



Red Sparrow

Red Sparrow er byggð á frábærri verðlauna- og metsölunýjósnaðgu fyrirverandi CIA-mannsins Jasons Matthews og segir frá ungrri konu sem er þröngvað til að gerast njósnari fyrir Rússa og býr yfir hæfileikum sem eiga eftir að koma sér vel þegar hætta steðjar að. Jennifer Lawrence leikur þessa konu af snilld.

Njósnamynd **16**



Paddington 2

Önnur bíómyndin um góðhjártaða, ljúfa en dálítið óheppna bangsans Paddington er snilldarverk eins og fyrri myndin og um leið alveg dásamleg skemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Hér lendir hann í mikilli klemmu þegar óþrúttinn þjófur stelar fátækri bók sem hann ætlaði að kaupa handa frænku sinni í afmælisgjöf.


Ævintýri **L**



The Endless

Hér er á ferðinni afar sérstök mynd, sveipuð dulúð og frumlegum vísindaskáldskaðskap, um tvo bræður sem ákveða að snúa aftur til sértrúarsöfnuðar sem þeir höfðu eitt sinn tilheyrt og endurmeta aðstæðurnar. Þetta er mynd fyrir fólk sem vill sjá nýstárlegar sögur og atburðarás sem kemur á óvart.

Tryllir **12**



Lady Bird

Gamandramað Lady Bird er að margra mati ein af bestu og skemmtilegustu myndum ársins 2017 en hún hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar og var t.d. tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna, fernna Golden Globe-verðlauna og þrenna BAFTA-verðlauna. Þetta er mynd í sérflakki sem allir ættu að sjá.

Gamandrama **12**

CORNY BIG



14

Upplifðu Spider-Man sem aldrei fyrr.

Líf Peters Parker er byrjað að rekast kröftuglega á við hitt sjálf hans sem Spider-Man og gerir hann allt sem hann getur til að reyna að halda jafnvægi á milli persónulegs lífs síns og þess að bjarga þúsundum íbúa New York borgar.

Leikmenn fá hér einstakt tækifæri til að spila sem ein vinsælasta ofurhetja allra tíma og sveifla henni milli bygginga í New York í ótrúlega stórum og opnum heimi. Leikmenn sveifla sér einnig á milli verkefna og þurfa að sigra hin ýmsu illmenn. Leikurinn er gerður af Insomniac Games og hafa þeir lagt allt í að gera þennan leik að besta ofurhetjuleik allra tíma.

**Tegund:** Hasarleikur**Kemur út á:** PS4**PEGI aldurstakmark:** 16+**Útgáfudagur:** 7. september**Framleiðandi:** Sony I. E.**Útgefandi:** Sena**Leikurinn inniheldur, m.a.:**

- **Glænýjan söguþráð** sem er pakkaður af þekktum persónum úr Spider-Man heiminum.
- **New York borg lifnar við** í leiknum og geta leikmenn sveiflað sér um alla borgina og heim-sótt þekktu staði á Manhattan og þekktu staði úr Spider-Man heiminum.
- **Einstakt bardagakerfi** þar sem leikmenn geta með einföldum hætti gengið endanlega frá óvininum í leiknum.





NBA 2K19

Í ár eru tuttugu ár liðin síðan fyrsti NBA 2K-leikurinn kom út og er því fagnað með langbestu útgáfu hans hingað til.

Leikurinn inniheldur ótrúlega spilunarmöguleika sem endurspeglar hvernig körfuboltinn er leikinn í dag. Auk þess inniheldur hann algjörlega opinn heim í „neighborhood“-möguleikanum. Ekki skemmir fyrir að kraftmikil og góð tónlistin er valin af rapparanum Travis Scott og þeir sem koma að lýsingum leikjanna eru þeir Bill Simmons, Kobe Bryant og Kevin Garnett.



Tegund: Körfuboltaleikur
Kemur út á: PC, PS4 og Xbox One
PEGI aldurstakmark: 3+
Útgáfudagur: 11. september
Framleiðandi: 2K Sports
Útgefandi: Sena





NHL 19

Í *NHL 19* leita EA Sports menn aftur í ræturnar og bjóða upp á íshökkí utandyra. Spilaðu á þeim völlum og þróaðu leikmanninn þinn yfir í að keppa í stærstu íshökkíhöllum heimsins. Búið er að taka grafíkina og hreyfingar leikmanna vel í gegn. Einnig geta spilarar leiksins núna spilað með eða keppt á móti rúmlega 200 af stærstu íshökkístjörnum allra tíma. Íshökkí hefur aldrei verið meira spennandi en í *NHL 19*.



Tegund: Íshökkíleikur
Kemur út á: PS4
PEGI aldurstakmark: 12+
Útgáfudagur: 14. september
Framleiðandi: EA Sports
Útgefandi: Sena



Blake Lively mætti í bleiku fötunum á MTV-hátíðina sem haldin var í New York 20. ágúst. Eiginmaðurinn, Ryan Reynolds, hefur sjálf sagt ekki verið langt undan þótt hann sjáist ekki.



Sarah Jessica Parker ákvað hins vegar að fara í göngutúr í New York í þessum litríku fötunum og bleikum skóm 22. ágúst. Hún vakti að vonum mikla athygli – eins og hún gerir reyndar alltaf.



Á meðan var Evangeline Lilly stödd í Osaka í Japan þar sem hún var að kynna myndina *Ant-Man and The Wasp* fyrir þarlandum og klæddi sig að sjálfsgöðu að hætti heimamanna.



Shadow of the Tomb Raider

Hér fá leikmenn tækifæri til að upplifa þá stund þegar Lara Croft verður sú ævintýramanneskja sem henni var ætíð ætlað að vera.

Í *Shadow of the Tomb Raider* þarf Lara að sigrast á stórhættulegu skóglendi, komast lifandi út úr hræðilegum grafhýsum og fara í gegnum sínar dimmstu persónulegu stundir. Markmiðið er að bjarga heiminum frá heimsenda sem Maya-ættbálkurinn hefur spáð að sé yfirvofandi!



Tegund: Hasarleikur

Kemur út á: PC, PS4 og Xbox One

PEGI aldurstakmark: 18+

Útgáfudagur: 14. september

Framleiðandi: Square-Enixfffa

Útgefandi: Sena

Nýjungar:

- Leikmenn þurfa að draga fram lífið á einum hættulegasta stað jarðarinnar, stað sem samanstendur af skóglendi þar sem hættur leynast við hvert fótmál og neðansjávarsvæðum sem eru uppfull af hellum og hættusvæðum.
- Leikmenn þurfa að nota umhverfi leiksins til að sigrast á óvinum, fela sig í trjám og grasi, bera á sig drullu til að dyljast og setja upp gildirur.
- Grafhýsi leiksins eru ógnvænlegri en nokkru sinni fyrr og þurfa leikmenn að taka á öllu sínu til að lifa þau af, enda innihalda þau lífshættulegar þrautir auk annarra ógna.






Tegund: Fótboltaleikur
Kemur út á: PC, PS3, PS4, Xbox One og Switch
PEGI aldurstakmark: 3+
Útgáfudagur: 28. september
Framleiðandi: EA Sports
Útgefandi: Sena

Upplifðu það besta

• Spilaðu á meðal þeirra bestu í FIFA 19, en leikurinn inniheldur Meistaradeild Evrópu, Evrópudeildina og UEFA Super Cup. Þessar keppnir eru sýndar í allri sinni dýrð og geta spilarar farið í gegnum þær í fjölmörgum spilunarmöguleikum og upplifað stemninguna sem fylgir hverri keppni. Auk þess inniheldur leikurinn glænýjar lýsingar frá Derek Rae og Lee Dixon.



FIFA 19

FIFA 19 frá EA Sports er keyrður áfram af Frostbite-grafíkvélinni og býður upp á magnaða upplifun, bæði innan vallar sem utan.

Að þessu sinni er hin margrómaða Meistaradeild kynnt til sögunnar, en samhlíða henni er boðið upp á nýjungar í spilun leiksins sem gera þér kleift að taka algjörlega stjórnina á vellinum. Upplifðu lokakaflann um Alex Hunter, en hann er uppfullur af dramatík og spennu og ber nafnið The Journey. Champions Ultimate Team hefur verið uppfært auk þess sem finna má fleiri deildir í Career Mode, nýja velli og ýmislegt fleira. Spilaðu til sigurs!





VÆNTANLEGUR
7.SEPTEMBER

VÆNTANLEGUR 28.SEPTEMBER - FORSALA Á ELKO.IS.

Pantaðu champions edition og spilaðu leikinn þremur dögum á undan. Frí heimsending kvöldið 24.september á höfuðborgarsvæðinu. Afhending utan höfuðborgarsvæðisins tekur 1-2 daga.



VÆNTANLEGUR
28.SEPTEMBER

FIFA 19



VÆNTANLEGUR
25.SEPTEMBER

ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

